

# 10 HLUTIR

Nægjusemi frelsar okkur frá óþarfa byrði og álagi. Minni tími og peningar fara í lífsgæðakapphlaupið, þ.e. í eigur, auð og álit annarra. Þannig er hægt að öðlast ýmislegt dýrmætt eins og frelsi, frítíma og orku til að verja í það sem er mikil vægt og veitir hamingju t.d. að eyða tíma með fjölskyldu og vinum, hreyfa sig, vera úti í náttúrunni, upplifa, gefa af sér, vera skapandi og framkvæma jafnvel eitthvað sem stuðlar að velferð mannkyns og Jarðarinnar.

Fegurðin við haustið liggur í mörgu, haustið er sá tími sem tekur að rökkva og kólna. Spil, góður félagsskapur og kertaljós hljómar eins og uppskrift að góðum haustdegi. en í dag tengjum við haustmánuðina óumflýjanlega við auglýsingaherferðir tengdar tilboðsdögum og umfjallanir um að okkur skorti eitthvað. Oft eru þessu stillt upp í lista yfir ómissandi hluti, *10 hlutir sem eru ómissandi fyrir heimilið, 10 hlutir í haustfataskápinn...*

Komið með hugmyndir um hvernig megi komast í „gegnum haustið“ þar sem kostnaði fyrir einstaklinga og umhverfið er haldið í lágmarki.

1	6
2	7
3	8
4	9
5	10